

## ÚTBOÐ

**á innri endurskoðun Brúar lífeyrissjóðs og  
og sjóða í rekstrarumsjón hans, þ.e.**

**Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb)**

**Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK)**

## Efnisyfirlit

1.	Útboðslýsing .....	3
1.1	Útboðsskilmálar .....	3
1.1.1	Útboð á innri endurskoðun .....	3
1.1.2	Útboðsgögn .....	3
1.1.3	Gerð og frágangur tilboða .....	3
1.1.4	Opnun tilboða og samningur .....	3
1.1.5	Kröfur um upplýsingar og fjárhagslega stöðu .....	4
1.1.6	Kröfur um faglegt hæfi bjóðenda .....	4
1.1.7	Almennar kröfur .....	5
1.2	Nánari lýsing á verkefninu .....	5
1.2.1	Lög og reglur .....	5
1.2.2	Innri endurskoðun .....	5
1.3	Nánari upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðanna .....	6
1.3.1	Brú lífeyrissjóður .....	6
1.3.2	Lífeyrissjóðir í rekstrarumsjón Brúar lífeyrissjóðs .....	7
1.3.3	Tölulegar stærðir úr rekstri sjóðanna .....	8
1.3.4	Upplýsingar um kerfi .....	8
2.	Samskipti á samningstíma .....	8
2.1	Almennt .....	8
2.2	Endurskoðunarnefndir .....	8
2.3	Greiðslur .....	9
2.4	Framsál réttinda .....	9
2.5	Vanefndir og uppsögn .....	9
2.6	Ágreiningsmál .....	9
3.	Tilboðsblað og tilboðsskrá .....	10
3.1	Almennt um tilboð .....	10
3.2	Tilboðsblað .....	10
3.3	Tilboðsskrá .....	11

# 1. Útboðslýsing

## 1.1 Útboðsskilmálar

### 1.1.1 Útboð á innri endurskoðun

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs og stjórnir sjóða í hans umsýslu þ.e. stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar hafa ákveðið að fá tilboð í innri endurskoðun vegna ára 2017 til 2021. Markmið með innri endurskoðun er m.a. að veitt sé óháð og hlutlaust álit á að skipulag innra eftirlits sé viðeigandi, að innra eftirlit virki eins og til er ætlast, að sjóðirnir hafi á að skipa virkri áhættustýringu og að stjórnarhættir séu viðeigandi.

Endurskoðunarnefndir lífeyrissjóðanna leggja áherslu á að sama félag hafi ekki á hendi bæði innri og ytri endurskoðun sjóðanna og líta þannig á að það félag sem nú hefur á hendi ytri endurskoðunarþjónustu geti ekki líka annast innri endurskoðun sjóðanna.

Jafnframt leggja nefndirnar áherslu á að sama félag sjái ekki um innri endurskoðun lengur en 7 ár og líta nefndirnar þannig á að það félag sem hefur séð um innri endurskoðun síðustu árin komi ekki til greina við þetta útboð.

Þá munu nefndirnar sjá um að meta tilboðin út frá faglegri hæfni, reynslu og menntun teymisins, verði, endurskoðunaráætlun og kynningu, en gert er ráð fyrir að bjóðendur kynni tilboð sitt fyrir nefndum sjóðanna þann 8. nóvember n.k.

Lífeyrissjóðirnir áskilja sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er enda uppfylli það þær kröfur sem fram koma í útboðsgögnum. .

### 1.1.2 Útboðsgögn

- Útboðs- og verklýsing þessi.
- Tilboðsblað/tilboðsskrá, sjá kafla 3.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum skal hann senda Brú lífeyrissjóði skriflega fyrirspurn á tölvupóstfang Gerðar Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra, [gerdur@lifbru.is](mailto:gerdur@lifbru.is) og Pálinu Margrétar Hafsteinsdóttur, sviðsstjóra fjármálasviðs, [palina@lifbru.is](mailto:palina@lifbru.is). Fyrirspurnum verður svarað skriflega og svör send á alla bjóðendur sem tilkynnt hafa sjóðunum um áform sín að bjóða í verkið.

### 1.1.3 Gerð og frágangur tilboða

- Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsgögnum og skulu send á rafrænu formi.
- Frávikstilboð eru ekki heimil.
- Tilboð skulu send til Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, 105 Reykjavík eða með tölvupósti merkt „Tilboð í endurskoðun“ á netföngin [gerdur@lifbru.is](mailto:gerdur@lifbru.is) og [palina@lifbru.is](mailto:palina@lifbru.is)
- **Tilboð skulu hafa borist eigi síðar en kl. 13 á hádegi þann 6. nóvember 2017.** Opnun tilboða fer fram kl. 13.00 sama dag. Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að tilboð komist í réttar hendur fyrir opnun þeirra. Tilboð sem berast síðar verða ekki opnuð og teljast ógild. Tilboð skulu gilda í 4 vikur eftir opnun þeirra.
- Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboðsfrestur rennur út, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggjum hætti.

### 1.1.4 Opnun tilboða og samningur

Tilboð verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Við opnun tilboða verða lesin upp nöfn bjóðenda og heildartilboðsfjárhæðir á tilboðsblaði.

Ef tilboði verður tekið mun verða gerður skriflegur samningur við viðkomandi aðila. Samningar taka til reikningsáranna 2017 til og með 2021.

#### **1.1.5 Kröfur um upplýsingar og fjárhagslega stöðu**

- Upplýsingar um nafn, heimilisfang og kennitölu, nöfn eigenda og stjórnarmanna.
- Upplýsingar um fjölda löggiltra endurskoðenda, fjölda annarra sérfræðinga, starfsheiti og fagmenntun og fjölda annarra starfsmanna.
- Ársreikningur fyrirtækis fyrir árið 2016.
- Upplýsingar um hvort fyrirtækið annist eða hafi annast innri endurskoðun annarra lífeyrissjóða og þá hverra.
- Upplýsingar staðfestar af innheimtumanni ríkissjóðs um að fyrirtækið skuldi ekki opinber gjöld.
- Upplýsingar frá lífeyrissjóðum um að fyrirtækið skuldi ekki iðgjöld.
- Staðfesting um starfsábyrgðartryggingu samkvæmt 6. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

#### **1.1.6 Kröfur um faglegt hæfi bjóðenda**

- Sá sem leiðir innri endurskoðun af hálfu bjóðenda skal vera löggiltur endurskoðandi eða hafa lokið faggildingu á sviði innri endurskoðunar og hafa unnið að sambærilegu verkefni samfleytt í a.m.k. þrjú ár á síðustu 5 árum.
- Bjóðandi skal hafa á að skipa a.m.k. þremur löggiltum endurskoðendum eða faggildum innri endurskoðendum sem hafa mikla reynslu á sviði innri endurskoðunar og gætu því tekið að sér að leiða verkefnið ef á þyrfti að halda.
- Bjóðandi skal eining hafa á að skip a.m.k. tveimur sérfræðingar sem lokið hafa háskólaprófi í viðskiptagreinum og hafa að lágmarki þriggja ára reynslu við innri endurskoðun. Að auki skal bjóðandi hafa aðgang að sérfræðingi í upplýsingakerfum og sérfræðingi í áhættustýringu og stjórnarháttum.
- Greinargóð lýsing á vinnuteymi sem bjóðandi hyggst fela verkefnið, m.a. hve margir löggiltir endurskoðendur/faggildir innri endurskoðendur sinna því, fjöldi sérfræðinga í teyminu, hver leiðir teymið (ferilskrá), aðrir þátttakendur teymisins (ferilskrá), hlutverk þeirra og verkaskipting.
- Greinargerð um hvernig bjóðandi hyggst standa að endurskoðuninni og drög að endurskoðunaráætlun. Áætla skal tímafjölda vegna eftirlitsþátta eins og þeir eru skilgreindir í reglum Fjármálaeftirlits og sundurliða hvað telst sameiginlegt öllum sjóðum og hvað fellur á hvern og einn sjóð.
- Stutt lýsing á þeim verkefnum sem þátttakendur hafa unnið og eru sambærileg við það verkefni sem hér er boðið út vegna umfangs og/eða eðlis.
- Upplýsingar um gæðavottun, gæðastefnu og verklagsreglur sem unnið yrði eftir.
- Endurskoðunarfyrtæki skal uppfylla kröfur 29. gr. laga nr. 79/2008 um gagnsæisskýrslu.
- Endurskoðunarfyrtæki skal hafa starfsstöð á Íslandi og uppfylla ákvæði 3. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.
- Bjóðendur skulu vera aðili að alþjóðlegu endurskoðunarfyrtæki með starfsstöðvar í Evrópu, N-Ameríku og Asíu.

**Bjóðandi skal uppfylla kröfur um faglegt hæfi allan samningstímann.**

### 1.1.7 Almennar kröfur

Bjóðandi skal vinna verk sín af alúð og samviskusemi og í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðastaðla á þessu sviði, á hverjum tíma. Greiður og skjótur aðgangur að bjóðanda er áskilinn til þess að framkvæmd samnings verði sem farsælust. Bjóðandi skal svara erindum og fyrirspurnum a.m.k. innan tveggja daga frá því að þær berast nema eðli þeirra sé slíkt að útilokað sé að sinna þeim innan frestsins. Tungumál skjala og samskipta milli aðila er íslenska.

**Áskilinn er réttur til að hafna tilboði ef upplýsingum um framangreind atriði er ekki fullnægjandi.**

**Farið verður með upplýsingar bjóðenda sem trúnaðarmál.**

## 1.2 Nánari lýsing á verkefninu

### 1.2.1 Lög og reglur

Lífeyrissjóðirnir starfa samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum ásamt reglugerðum, leiðbeinandi tilmælum og öðrum reglum sem settar hafa verið með stoð í þeim lögum. Má þar nefna reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur Fjármálaeftirlitsins um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 577/2012, um endurskoðun lífeyrissjóða nr. 685/2001 og ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Fjármálaráðherra veitir sjóðunum starfsleyfi og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðanna sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim sem og staðfestar samþykktir sjóðanna.

Eftirfarandi lög gilda ennfremur um starfsemi lífeyrissjóða eftir því sem við á:

- Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.
- Lög um ábyrgðarsjóð launa nr. 88/2003.
- Lög um bókhald nr. 145/1994.
- Lög um endurskoðendur nr. 79/2008.
- Lög um ársreikninga nr. 3/2006.
- Lög um aðgerðir gegn peningabætti nr. 64/2006.
- Lög um neytendalán nr. 33/2013.
- Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016.

Upptalning þessi er ekki tæmandi.

### 1.2.2 Innri endurskoðun

Innri endurskoðun skal byggð á 35. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglum Fjármálaeftirlits nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

Verkefnið er að annast innri endurskoðun Brú lífeyrissjóðs og sjóðir í hans umsýslu í samræmi við lög og reglur. Eftirlitsaðgerðir innri endurskoðunar skulu að lágmarki ná til eftirfarandi þátta:

1. Hvort að lífeyrissjóðirnir fylgi þeim lögum, reglum og samþykktum, sem um þá gilda, m.a. með athugun á verkferlum og hlítingaskýrslum.
2. Hvort fyrir hendi séu á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar reglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.

3. Hvort í reglum lífeyrissjóðanna felist viðunandi innra eftirlit. Sérstaklega skal kannað hvort í starfsreglum sé nægjanlega skilið á milli þeirra starfsmanna, sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa að bókhaldi.
4. Kannana á varðveislu og meðferð fjármuna lífeyrissjóðanna m.a. með reglulegum eignatalningum og athugunum á afstemmingu bókhaldsreikninga.
5. Kannana á skráningu iðgjalda og skráningu og útreikningi lífeyrisréttinda.
6. Kannana á fjárfestingarstefnu, ávöxtun eigna og ráðstöfun fjármuna. Sérstaklega skal kanna samþykkaferli með fjárfestingum, bókunum, verðmati og afstemmingum.
7. Kannana á áreiðanleika og gæðum þeirra skýrslna, sem stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðanna og opinberir aðilar byggja á.
8. Kannana á upplýsingakerfum lífeyrissjóðanna, meðal annars með tilliti til rekstraröryggis og að slík kerfi tryggi að hverju sinni séu fyrir hendi fullnægjandi og heildstæðar innri fjárhags-, rekstrar- og eftirlitsupplýsingar og ytri upplýsingar sem hafa þýðingu við ákvarðanatöku.
9. Kannana á skipulagi og virkni heildaráhættustýringar, réttmæti áhættumats, mati á áhættustýringarferlum og skýrslugjöf til stjórnar.
10. Kannana á eftirfylgni vegna fyrri athugasemda innri endurskoðenda.

Innri endurskoðun skal gera endurskoðunarnefndum og stjórnnum lífeyrissjóðanna grein fyrir, í sameiginlegri skýrslu fyrir sjóðina, meginniðurstöðum sínum, ábendingar um úrbætur og eftirfylgni með úrbótum.

**Innri endurskoðun skal lokið eigi síðar en einum mánuði eftir að viðkomandi reikningsári lýkur.**

### 1.3 Nánari upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðanna

Brú lífeyrissjóður sér um rekstur tveggja annarra lífeyrissjóða sem njóta bakábyrgðar viðkomandi sveitarfélags. Lífeyrissjóðum þessum var með lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997 lokað fyrir nýjum sjóðfélögum frá og með 1. júlí 1998. Um er að ræða:

- Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) - rekstrarsamningur frá 1. júní 1999
- Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK)- rekstrarsamningur frá 1. mars 2010

Samkvæmt samþykktum framangreindra sjóða semur viðkomandi stjórn við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um innri endurskoðun

#### 1.3.1 Brú lífeyrissjóður

Brú lífeyrissjóður var stofnaður með samningi BHM, BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsleyfi var gefið út 8. desember 1998. Starfsmenn sveitarfélaga sem eru í BSRB, BHM og KÍ eiga kjarasambandsbundna aðild að sjóðnum. Þeir geta valið um að vera í annað hvort A deild eða V deild. Stjórn sjóðsins skipa 6 menn, 3 tilnefndir af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 2 tilnefndir af BSRB og 1 tilnefndur af BHM. Stjórn sjóðsins hefur skipað endurskoðunarnefnd og er hlutverk hennar skilgreint í lögum um ársreikninga, sbr. IV. kafli laga nr. 3/2006.

Sjóðurinn rekur tvær samtryggingardeildir A deild og V deild. Jafnframt rekur sjóðurinn B deild en í þeirri deild eru sex réttindasöfn lokaðra lífeyrissjóða en fimm sjóðir sameinuðust í B deildina árið 2013 og einn sjóður árið 2017. Réttindasöfnin eru :

- Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar
- Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
- Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
- Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar
- Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjarkaupstaðar

A deild veitti föst réttindi óháð aldri fram til 1. júní 2017 en þá varð breyting á réttindaöflun sjóðfélaga. Réttindi voru fram að þeim tíma fyrirfram ákveðin og iðgjald var 4% af heildarlaunum en mótframlag launagreiðanda var breytilegt og það aðlagð að því að standa á hverjum tíma undir réttindum sjóðfélaga. Réttindaávinnsla A deildar hefur nú verið breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu. Jafnframt hefur lífeyrisaldur verið samræmdur við almennan vinnu- markað og er 67 ár. Engu að síður er A deildinni viðhaldið en þeir sjóðfélagar sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fara yfir í aldurstengda réttindaávinnslu en mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er mætt með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur greiða inn til sjóðsins. Auk framlags í lífeyrisaukasjóð munu launagreiðendur greiða framlag í jafnvæggissjóð sem er nýttur til að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi miðað við 31. maí 2017. Nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 fá aldurstengda réttindaávinnslu og mótframlag launagreiðanda lækkaði þann 1. júní 2017 úr 12% í 11,5%. Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 31. maí 2017 og þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

V deild veitir aldurstengd réttindi. Deildin er opin þeim sem fá laun eða þóknanir frá sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og þeim sem ekki hafa skylduaðild að lífeyrissjóði. Iðgjald ræðst af kjara- og ráðningarsamningi. Lágmarksiðgjald er 12% þar sem sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 8%. Mótframlag launagreiðenda starfsmanna aðildarfélaga BHM og BSRB er hins vegar 11,5%. Réttindi sjóðfélaga ráðast af iðgjöldum, ávöxtun þeirra og aldri við innborgun.

Eignum A deildar og V deildar stýrt eins og um eina deild væri að ræða og hafa þær sameiginlega fjárfestingarstefnu. Við gerð ársreiknings er yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris skipt miðað við innborguð iðgjöld og greiddan lífeyri. Þannig fengin hrein eign til greiðslu lífeyris er síðan notuð við skiptingu efnahagsreiknings.

Eignasafn B deildar er stýrt sér og hefur sér fjárfestingarstefnu. Við gerð ársreiknings er yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris skipt upp á réttindasöfnin og skuldbindingar hvers réttindasafns er haldið aðgreindu.

### 1.3.2 Lífeyrissjóðir í rekstrarumsjón Brúar lífeyrissjóðs

Um er að ræða tvo lífeyrissjóði sem njóta bakábyrgðar viðkomandi sveitarfélags, sjá grein 1.1.1. Í því felst að sveitarfélagið ábyrgist lífeyrisgreiðslur til allra sjóðfélaga sjóðsins þegar eignir hans eru uppnar.

Sjóðirnir starfa báðir samkvæmt heimild í 54. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með lögnum var sjóðunum óheimilt að taka við nýjum sjóðfélögum frá og með 1. júlí 1998.

Réttindakerfi sjóðanna er eins þ.e. að sjóðfélagi ávinnur sér 2% réttindi á ári fyrir fullt starf miðað við lokalaun í starfi.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir auk barnalífeyris til 18 ára aldurs. Auk iðgjaldagreiðslna skulu viðkomandi sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir launagreiðendur, sem fengu heimild til að skila iðgjöldum af starfsmönnum sínum til viðkomandi sjóðs endurgreiða honum tiltekið hlutfall af lífeyrisgreiðslum. Hlutfallið er ákveðið af viðkomandi sveitarfélagi að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar.

Lífeyrir er miðaður við lokalaun sem tekur síðan breytingum samkvæmt meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Fari sjóðfélagi á lífeyri í beinu framhaldi af starfi er honum heimilt að óska eftir að launabreytingar hans taki sömu breytingum og verða á launum þeim sem fylgja starfi því sem hann gegndi síðast, svokölluð eftirmannsregla. Stjórnir sjóðanna hafa

hver fyrir sig skipað endurskoðunarnefnd og er hlutverk þeirra skilgreint í lögum um ársreikninga, sbr. IV. kafli laga nr. 3/2006, sjá 2.2 hér á eftir.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar rekur tvær samtryggingardeildir A og B sem hafa sameiginlegan fjárhag.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar skipa 5 menn, 3 kosnir af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og 2 tilnefndir af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogskaupstaðar skipa 5 menn, 2 eru tilnefndir af bæjarstjórn, 2 fulltrúar sjóðfélaga eru kosnir á ársfundi og formaður er valinn af þessum 4 fulltrúum.

### 1.3.3 Tölulegar stærðir úr rekstri sjóðanna

Nánari upplýsingar má finna í ársreikningum sem nálgast má á heimasíðu sjóðanna [www.lifbru.is](http://www.lifbru.is)

### 1.3.4 Upplýsingar um kerfi

Tölvukerfi sjóðanna eru keyrð á Microsoft netkerfi. Þá eru notuð sérhæfð hugbúnaðarkerfi sem undirkerfi fyrir lífeyrissjóðina. Rekstraraðila kerfanna er getið í sviga:

- Fjárhagsbókhald sjóðsins er Microsoft Dynamics NAV.
- Verðbréf sjóðsins eru skráð í verðbréfakerfinu Libra Securities og Libra Loan
- Iðgjalda- og réttindabókhaldskerfi er nú Krían en hluta ársins var Jóakim notaður.
- Launavinnsla starfsmanna er útvistuð hjá Fjárstoð ehf.

## 2. Samskipti á samningstíma

### 2.1 Almennt

Þegar kominn er á samningur um innri endurskoðun annast framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs, eða sá sem hann tilnefnir, samskiptin fyrir hönd verkkaupa á samningstímanum.

Sjóðurinn tryggir starfsmönnum verktaka aðstöðu í húsnæði sínu og aðgengi að gögnum og tölvukerfi í samræmi við verkefnið.

Sjóðunum er heimilt að óska eftir breytingum á verkefninu t.d. ef sjóðirnir sameinast og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er verktaka heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi sjóðanna.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

### 2.2 Endurskoðunarnefndir

Endurskoðunarnefndir sjóðanna hafa á hendi lögmælt verkefni endurskoðunarnefnda sbr. IV. kafli laga nr. 3/2006. Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarnefndum grein fyrir endurskoðunaráætlun sinni fyrir upphaf endurskoðunar og fara yfir drög að endurskoðunarskýrslu við lok endurskoðunarvinnu sinnar. Endurskoðendur skulu án dráttar upplýsa endurskoðunarnefndir ef eitthvað kemur fram í endurskoðunarvinnu þeirra sem gefur tilefni til.

Endurskoðunarnefndir hafa m.a. á hendi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.



- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

### 2.3 Greiðslur

Verktaki skal leggja fram lokareikning vegna innri endurskoðunar eftir að innri endurskoðandi hefur lagt fram og kynnt fyrir stjórn skýrslu sína.

Verktaki skal gera reikning mánaðarlega, fyrsta dag hvers mánaðar, fyrir þjónustu sem framkvæmd hefur verið almanaksmánuðinn á undan. Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir þjónustu mánuðinn á undan, sundurliðað eftir verkefnum og fyrir hvaða einingu var unnið. Samþykktir reikningar verða greiddir hjá verkkaupa eigi síðar en 30 dögum þáðan í frá.

Brú lífeyrissjóður hefur umsjón með reikningshaldi vegna þessa verkefnis og samningi aðila, og annast jafnframt uppgjör við verktaka. Reikningar skulu gefnir út á hlutaðeigandi lífeyrissjóð.

### 2.4 Framsal réttinda

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki sjóðanna.

### 2.5 Vanefndir og uppsögn

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti verktaki nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Heimilt er að rifta samningi vegna verulegra vanefnda gagnaðila. Áður en til riftunar getur komið, skal sá samningsaðili sem telur að gagnaðili hafi vanefnt samningsskyldur sínar, senda gagnaðila áskorun um úrbætur þeirra vanefnda sem um er að ræða. Gefinn skal sanngjarn frestur til úrbóta, en sá frestur skal aldrei vera lengri en 7 dagar. Hafi úrbætur, í samræmi við áskorun, ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur samningsaðili lýst yfir riftun samnings án frekari fyrirvara eða aðvörunar.

Allar tilkynningar sem að þessum atriðum lúta skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

### 2.6 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi lýsing fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

### 3. Tilboðsblað og tilboðsskrá

#### 3.1 Almennt um tilboð

Undirrituð tilboð skulu send til Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 105 Reykjavík og með tölvupósti merkt „Tilboð í endurskoðun“ á [gerdur@lifbru.is](mailto:gerdur@lifbru.is) og [palina@lifbru.is](mailto:palina@lifbru.is). **Tilboð skulu hafa borist eigi síðar en fyrir kl. 13, þann 6.nóvember 2017.**

#### 3.2 Tilboðsblað

Undirritaður bjóðandi gerir hér með eftirfarandi tilboð í innri endurskoðun fyrir Brú lífeyrissjóð og sjóði í rekstrarumsjón hans í samræmi við útboðsgögn þessi.

#### INNRI ENDURSKOÐUN

1. Heildartilboðsfjárhæð fyrir endurgjald vegna innri endurskoðunar Brúar lífeyrissjóðs og sjóða sem eru í rekstrarumsjón hans , þ.e. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar, árin 2017-2021  
kr. ....án vsk .....með vsk.

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala bjóðanda

\_\_\_\_\_

Heimilisfang bjóðanda

\_\_\_\_\_

Símanúmer

\_\_\_\_\_

Tengiliður bjóðanda og tölvupóstfang

\_\_\_\_\_

Undirskrift

### 3.3 Tilboðsskrá

Árlegt endurgjald vegna innri endurskoðunar **Brúar lífeyrissjóðs** kr. \_\_\_\_\_ með vsk. í fimm ár , eða samtalskr. \_\_\_\_\_ með vsk.

Árlegt endurgjald vegna innri endurskoðunar **Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar** kr. \_\_\_\_\_ með vsk. í fimm ár , eða samtals kr. \_\_\_\_\_ með vsk.

Árlegt endurgjald vegna innri endurskoðunar **Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar** kr. \_\_\_\_\_ með vsk. í fimm ár , eða samtals kr. \_\_\_\_\_ með vsk.

---

#### E. Einingarverð fyrir ráðgjafavinnu

Löggiltur endurskoðandi	kr./klst. _____	með vsk
Faggildur innri endurskoðandi	kr./klst. _____	með vsk
Sérfræðingur reynsla yfir 3 ár	kr./klst. _____	með vsk
Sérfræðingar	kr./klst. _____	með vsk
Aðrir starfsmenn	kr./klst. _____	með vsk

---

Staður, dagsetn. undirskrift